# SAMANTEKT FRÁ RÁÐSTEFNUNNI FRAMTÍÐARSKIPULAG ÍÞRÓTTAMÁLA

# Inngangur

Ráðstefnan Framtíðarskipulag íþróttamála var haldin í Laugardalshöll þann 16. nóvember 2018, samkvæmt tillögu frá Íþróttaþingi árið 2017. Ráðstefnan var lokuð, þ.e. þátttakendum var boðin þátttaka. Hvert sérsamband og íþróttahérað máttu senda tvo fulltrúa hvert, Sambandi íslenskra sveitarfélaga var boðið að senda fulltrúa, svo og mennta- og menningarmálaráðuneyti og félagi íþrótta-og æskulýðsfulltrúa. Fyrirkomulag ráðstefnunnar var blanda af þjóðfundi og borgarafundi, spurningarnar voru fjórar og var einn svæðisstjóra á hverju svæði (samtals 4) og borðstjórar á hverju borði (samtals 12). Spurningar sem lagðar voru fyrir ráðstefnugesti voru fjórar og svöruðu allir gestir öllum spurningum. Fulltrúar úr framkvæmdastjórnum ÍSÍ og UMFÍ voru í hlutverkum borðstjóra og svæðisstjóra ásamt starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ. Ráðstefnunni stýrði Gunnar Jónatansson.

Hér fyrir neðan er ritun á hrágögnum frá ráðstefnunni sem þýðir að tekin voru saman öll gögn frá ráðstefnunni og þau rituð í þessa skýrslu án nokkurrar túlkunar.

Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðslusviðs tók saman.

## Spurning A - Hvert á framtíðarhlutverk og skipulag íþróttahéraða að vera? Borgarafundur

Sameining og fækkun héraða

Landshluta héruð með skrifstofum

Meiri samvinna á milli héraða

Samvinna við sveitarfélög

Milliliðir milli íþróttafélaga og sveitarfélags

Halda utan um íþróttamál sveitarfélags

Stefnumótandi aðili fyrir sveitarfélög

Samvinna sérsambanda og íþróttahéraða

Starfsstöðvar sameinaðs ÍSÍ og UMFÍ

Aukin fræðsla

Útdeila tímum í íþróttamannvirkjum

Regnhlíf félaga í héraði

Stuðningur við grasrótarstarfið

Þarf að þarfagreina sem fyrst

Sinna grasrótarstarfi

Bakland íþróttastarfs

## Spurning A - Hvert á framtíðarhlutverk og skipulag íþróttahéraða að vera? Þjóðfundur

**Sameiginlegt svar hópsins:** Fækka skal héruðum með sameiningu og skilgreina hlutverk þeirra í samræmi við stærð.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Framtíðarhlutverk íþróttahéraða er að vera tengiliður í aukinni samvinnu aðildarfélaga í grasrótinni, veita þar þjónustu í formi ráðgjafar og byggja þannig sterka umgjörð með áherslu á lýðheilsu.

**Styrkleikar svars:** allir sammála.

**Veikleikar svars:** óljóst skipulag, vantar fjármagn.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Grasrótin þarf sameiginlegan vettvang sem aðstoðar í daglegum rekstri.

**Styrkleikar svars:** endurskipulag

**Veikleikar svars:** landfræði

**Sameiginlegt svar hópsins:** Sameiningar og verkaskipting með sveitarfélögum mun styrkja starfsemina.

**Styrkleikar svars:** meiri ábyrgð, einn málssvari, fleiri hlutverk.

**Veikleikar svars:** mörg sveitarfélög, stór íþróttafélög.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Skipulag íþróttahéraða fari eftir landfræðilegum aðstæðum og íbúafjölda. Hlutverkverk þeirra sé ráðgefandi þjónusta við aðildarfélög, íbúa svæðis og sveitarstjónarstigið með áherslu á lýðheilsu og eflingu íþróttastarfs.

**Styrkleikar svars:** Samstaða á borði.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Framtíðarhlutverk íþróttahéraða er að auka samstarf við sveitarfélög um m.a. íþróttamannvirki og stuðla að aukinni útbreiðslu.

**Styrkleikar svars:** Sameinar ólík sjónarmið, fjármála gagnsæi

**Sameiginlegt svar hópsins:** Íþróttahéruð starfi sem deildir innan sameiðnas ÍSÍ og UMFÍ og meginhlutverk þeirra sé fræðsla og stuðningur við grasrótarstarf.

**Styrkleikar svars:** Hagræðing, því stærri því sterkari.

**Veikleikar svars:** Verra fyrir minni félög.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Íþróttahéruð verði starfsstöðvar sameiginlegrar hreyfingar ÍSÍ og UMFÍ þau vinni að því að sameina hagsmuni íþróttafélaganna á sínu svæði/sveitarfélagi með hagsmuni grasrótarinnar að leiðarljósi.

**Veikleikar svars:** Íþróttahéruðin standa ekki jafnfætis.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Vinna þarf ítarlega þarfagreiningu með grasrótinni á hlutverki og skipulagi með áherslu á virka tengingu á milli ÍSÍ og UMFÍ og íþróttastarfs í grasrótinni.

**Styrkleikar svars:** Tækifæri, álit grasrótarinnar, lýðræði.

**Veikleikar svars:** Óljóst, framkvæmd, sjálfboðastarf.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Íþróttahéruð verði færri og öflugri og starfsemi þeirra verði skilgreind. Þau efli samstarf í grasrótinni milli aðildarfélaga, íbúa og annarra hagsmuna aðila með lýðheilsu að leiðarljósi.

**Styrkleikar svars:** Bætt heilsa, allir sammála.

**Veikleikar svars:** Mikil skipulagsvinna.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Ef þörf er á íþróttahéruðum er nauðsynlegt að fækka þeim með sameiningu og marka þeim skýrt sameiginlegt hlutverk.

**Styrkleikar svars:** Félög geti treyst á fasta starfsemi íþróttahéraða, hagræðing, aukin fagþekking.

**Veikleikar svars:** Flókin samskipti við sveitarfélög.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Sameiginlegur vettvangur sem veitir þjónustu og ráðgjöf í daglegum rekstri. Færri einingar með skilgreint hlutverk.

**Styrkleikar svars:** Endurskipulagning.

**Veikleikar svars:** Landfræði, fjármagn.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Sameiningar og aukið samstarf við sveitarfélög styrkja starfsemina með ráðgjöf og þjónustu.

**Styrkleikar svars:** Sameinar ólík sjónarmið, fjármálagegnsæi, einn málsvari, stærra hlutverk.

**Veikleikar svars:** Mörg sveitarfélög, stór íþróttafélög.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Virk tenging á milli ÍSÍ og UMFÍ og íþróttastarfs í grasrótinni með fræðslu og stuðningi.

**Styrkleikar svars:** Hagræðing, sterkari einingar, lýðræði.

**Veikleikar svars:** Verra fyrir minni félög, sjálfboðastarf, vantar frumkvæði.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Færri og öflugri íþróttahéruð með skýrt hlutverk. Öflugt samstarf við grasrótina með lýðheilsu að leiðarljósi.

**Styrkleikar svars:** Hagræðing, aukin fagþekking, bætt lýðheilsa.

**Veikleikar svars:** Flóknari samskipti við sveitarfélög, meiri skipulagsvinna.

## Hvert á framtíðarhlutverk og skipulag íþróttahéraða að vera?

### Þjóðfundur

Innskot: Hér hafa öll svörin verið tekin saman í eitt svar, ásamt styrkleikum og veikleikum svarsins.

**Sameiginlegt svar:** Sameiginlegur vettvangur sem veitir þjónustu og ráðgjöf í daglegum rekstri. Færri einingar með skilgreint hlutverk. Sameiningar og aukið samstarf við sveitarfélög. Styrkja starfsemina með ráðgjöf og þjónustu. Virk tenging á milli ÍSÍ/UMFÍ og íþróttastarfs í grasrótinni með fræðslu og stuðningi. Færri og öflugari íþróttahéruð með skýrt hlutverk. Öflugt samstarf við grasrótina með lýðheilsu að leiðarljósi.

**Styrkleikar svars:** Endurskipulagning, sameinar ólík sjónarmið, fjármálagegnsæi, einn málssvari, stærra hlutverk.

**Veikleikar svars:** Landfræði fjármagn, mörg sveitarfélög, stór íþróttafélög, verra fyrir minni félög, sjálfboðastarf, vantar frumkvæði, flóknari samskipti við sveitarfélög.

## Spurning B - Hvernig nýtum við fjármagn íþróttahreyfingarinnar sem best? Borgarafundur

Auka samvinnu og samstarf

Skýrari hlutverk og verkaskipting aðila

Fleiri launaða starfsmenn. Starfið gengur ekki einvörðungu á sjálfboðaliðum

Þarfagreining – gæðastjórnun

Skoða hvernig fjármagnið er notað í dag

Nýta þekkingu þvert í hreyfingunni,

Meiri sameining íþróttahéraða eða jafnvel allsherjar samruni

Iðkendafjöldi hafi ekki áhrif á úthlutun fjármagns

Fræðsla og þekking starfsfólks

Gegnsæi í aðgerðum og úthlutun, sína hvernig fjármagni er úthlutað.

Nýta fjármagn íþróttahreyfingarinnar líka í almenningsstarf og grasrótarstarf ekki bara í afreksstarf

Meira samstarf sérsambanda, húsnæði, skrifstofur, fagteymi, búningakaup, bókhald

Samræma betur tölvukerfi, Felix, Nóri og Sportabler

Nauðsynlegt að koma VSK frumvarpinu í gegn

Gera sameiginlega samninga varðandi hótel og flug

Sameina ÍSÍ og UMFÍ – fleiri svæðisskrifsstofur með starfsfólki í íþróttagreinum

Nýta nútímatækni betur t.d. með því að hafa fræðslu og fundi rafrænt

Hægt að spara í ferðakostnaði með því að raða mótum öðruvísi niður

Skilgreina betur hlutverk hverrar einingar og einfalda skipulagið fyrir grasrótina

Auka rannsóknavinnu þannig að við sjáum betur ávinning íþróttastarfs.

Of mörg íþróttafélög

Skoða hvort að flokka eigi félög í A, B og C og gera misjafnar kröfur til þeirra.

## Spurning B - Hvernig nýtum við fjármagn íþróttahreyfingarinnar sem best? Þjóðfundur

**Sameiginlegt svar hópsins:** Innleiða þarf öfluga gæðastjórnun og greiningu á þörfum hreyfingarinnar. Af því leiðir að haldið verður betur utan um starfsemi hreyfingarinnar í heild. Þekkingu þarf að nýta vel innan hreyfingarinnar m.a. með aukinni samvinnu.

**Styrkleikar svars:** Sammála, tengist aukinni menntun/þekkingu, stjórnun fjármagns, leyfir öllum að tilheyra (með betra skipulagi).

**Veikleikar svars:** Ábyrgð óljós, óljóst hvaðan fjármagn á að koma.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Fjármagn nýtist best með; launuðum starfsmönnum, samráði og samvinnu og gagnsæi og sýnileika.

**Styrkleikar svars:** Stutt og laggott.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Með samvinnu og samtali, skerpa á skipulagi með þarfagreiningu og mælingum hvort sem við á sameining íþróttahéraða eða samruni stóru heildarsamtakanna teljum við að við náum fram betri nýtingu fjármagns í íþróttahreyfingunni.

**Styrkleikar svars:** Hópurinn var sammála.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Fjármagni mætti dreifa betur svo það nýtist öllum, ekki bara afreksstarfi. Samnýta mætti krafta hreyfingarinnar og með aukinni markmiðsstjórnun og stefnumörkun mætti dreifa fjármagni eftir þörfum ekki stærð.

**Styrkleikar svars:** Samlegðaráhrif, sammála á borði, heldur iðkendum lengur inni.

**Veikleikar svars:** Hvað er markmið?, markmið breytast og fleiri sjónarmið sbr. kynjuð- og aldursfjárhagsáætlun. Hver ber ábyrgð?, vantar hvata í verkaskiptingu ríkis/sveitarfélaga, hver ber ábyrgð á forvörnum/verkaskipting?

**Sameiginlegt svar hópsins:** Aukin samvinna og samstarf jafnvel sameining. Á við um íþróttahéruð, sérsambönd og landssamtök (ÍSÍ og UMFÍ), þannig næst aukin hagræðing.

**Styrkleikar svars:** Hagræðing, betri nýting fjármagns, faglegt og skilvirkt, styttri boðleiðir, gagnsæi.

**Veikleikar svars:** Ótti við breytingu, þekking gæti tapast, ekki allir sammála.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Með skýrari hlutverkum og verkaskiptingu á öllum stigum og aukningu á samstarfi hvort sem við á í deildum, félögum, sérsamböndum, ÍSÍ eða UMFÍ og fjárfestingu í grasrótinni (barna og unglingastarfi) teljum við að við náum fram betri nýtingu fjármagns í íþróttahreyfingunni.

**Styrkleikar svars:** Tiltölulega sammála.

**Veikleikar svars:** Of víðtækt svar, vantar útfærslu.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Mikilvægt er að auka samvinnu innan hreyfingarinnar, með skýrri verkaskiptingu. Auka mætti samnýtingu aðstöðu og starfsaðsöðu, minnka mætti yfirbyggingu og forgangsraða verkefnum**.**

**Styrkleikar svars:** Skýr niðurstað um vítt samráð/samvinnu, samráð (hérað/ÍSÍ, sveitarfélög/ríki), eykur gagnsæi og faglega þekkingu, margir að vinna hver í sínu horni.

**Veikleikar svars:** Hræðsla við breytingar, ekki allir með sömu þarfir – ekki gleyma minni félögum.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Skýr markmiðssetning um nýtingu fjármagns og verkefni hreyfingarinnar. Minnka mætti yfirbyggingu, etv. með auknu samstarfi, samvinnu og samnýtingu á húsnæði, aðstöðu og starfsfólki. Lækka mætti útgjöld í krafti stærðarinnar.

**Styrkleikar svars:** Mjög sammála, eykur þekkingu og viðheldur henni, einfaldar starf (minni) félaga.

**Veikleikar svars:** Hætta á að minni einingar „gleymist“, hugsanlegur rígur og tilfinningar.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Við viljum einfalda stjórnskipulag og auka samvinnu. Setja skýr markmið og bæta fjárstreymi. Auka ráðdeild í rekstri afreksliða. Koma vsk. frumvarpi í gegn.

**Styrkleikar svars:** Samhljómur

**Veikleikar svars:** Kerfistregða.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Lykilorðið er samvinna og samnýting á öllum stigum. Með því að skilgreina starfið og þarfir náum við fram meiri hagræðingu, getum minnkað yfirbyggingu, minnkað ferðakostnað og nýtt fjármagn enn frekar til lýðheilsumála.

**Styrkleikar svars:** Eining innan hóps.

**Veikleikar svars:** Ekki beint aðgerðaráætlun.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Með aukinni samvinnu og samnýtingu (t.d. fagteymi, fagaðilar, fjármögnunarleiðir, samvinna við minni einingar). Nýta tæknina betur til fræðslu og funda. Skilgreina betur verkaskiptingu og aðstoða grasrótina við skipulag á daglegu starfi teljum við að við náum fram betri nýtingu fjármagns.

**Styrkleikar svars:** Styrkir þá sem inni eru, sammála um að samnýta meira, samvinna.

**Veikleikar svars:** Erfitt fyrir þá stærri, miðað við núverandi stöðu hvernig náum við til grasrótar.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Megin niðurstaðan er aukin samvinna og samstarf. Sameina ÍSÍ og UMFÍ. Fagmennska og þróunarstarf styrkir okkur í fjáröflun. Jafnræði, skilvirkni, gagnsæi. Dreifstýra rekstrinum.

## Hvernig nýtum við fjármagn íþróttahreyfingarinnar sem best?

### Samantekt við spurningu B – (Eitt borð)

Við gerum þá kröfu að ríkisvaldið stigi mun fastar fram með sín fjárframlög. Ríkið tryggi sérsamböndum aðstöðu, hvort heldur sem er með nýbyggingum eða leigu af sveitarfélögum og félögum. Við teljum aukna samvinnu á sviði fagteymisþjónustu, fræðslu og yfirfærslu þekkingar auk markaðs- og kynningarstarfs lykilatriði í að styrkja starf sérsambanda. Við komumst ekki lengra áfram án launaðra starfsmanna sem knýja áfram starfið og virkja sjálfboðaliða. Samvinna og samstarf tryggir bætta nýtingu og gagnsæi hjálpar við yfirsýn varðandi nýtingu fjármuna.

## Spurning C - Hvernig er hægt að styrkja starf sérsambanda?
### Borgarafundur

Samvinna / samstarf í víðu samhengi

Aukið fjármagn

Samnýting þekkingar/starfsfólks

Þjóðarleikvangar / aðgengi

Aukin fagaðstoð frá ÍSÍ

Aukin fræðsla

Aukið aðgengi að fagteymi

Samvinna fagteyma

Aukin samvinna sérsambanda og héraðssambanda

Aukin nýting skrifstofuaðstöðu

Jöfnun aðstöðu s.s. ferðakostnaðar

Endurskoðun mótahalds

Markaðsstjóri íþróttahreyfingarinnar

## Spurning C - Hvernig er hægt að styrkja starf sérsambanda?
### Þjóðfundur

**Sameiginlegt svar hópsins:** Með auknu fjármagni er hægt að efla starfið og bæta aðgengi að aðstöðu eins og þjóðarleikvöngum, en huga þarf að auknu samstarfi sérsambanda varðandi nýtingu starfsfólks, starfsstöðva og verkefna.

**Styrkleikar svars:** Aukin þjónusta, betri nýting á fjármagni, aukið hagræði, meiri fagmennska.

**Veikleikar svars:** Togstreita, fjármögnun erfið.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Með aukinni samvinnu og samstarfi milli sérsambanda t.d. með samnýtingu starfsmanna hjá litlum sérsamböndum, sameiginlegu fagteymi og auknum

sýnileika sérsambanda á landsbyggðinni. Þá þarf aukið fjármagn í fræðslu og útbreiðslu fyrir utan fjármagn í aðra starfsemi.

**Styrkleikar svars:** Allir sammála.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Sameiginleg og sérhæfð íþróttaaðstaða sérsambanda, aukið fjármagn, fleira starfsfólk og samnýting sérfræðiþjónustu, skrifstofu og stafsfólks.

**Styrkleikar svars:** Fjárhagsleg hagræðing, aukin þekking og þjónusta.

**Veikleikar svars:** Sérstaða sérsambanda.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Með auknu fjármagni er hægt að efla starfið t.d. útbreiðslu en einnig þarf að huga að samnýtingu starfsfólks og fagaðila ásamt því að auðvelda öllum landsmönnum þátttöku í landsliðsverkefnum varðandi ferðakostnað.

**Styrkleikar svars**: Sammála, dæmi um aðgerðir, tækifæri til hagræðingar, aukin tækni.

**Veikleikar svars**: engin áætlun, dreifbýlt, fjárskortur, hræðsla við breytingar.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Við gerum þá kröfu að ríkisvaldið stigi fastar fram með fjárframlög og tryggi sérsamböndum aðstöðu til æfinga og keppni. Aukin samvinna á sviði fagteymisþjónustu, fræðslu, markaðs- og kynningarstarfs, svo og að yfirfærsla þekkingar milli sérsambanda verði tryggð með aukinni þverfaglegri samvinnu og samstarfi.

**Styrkleikar svars:** Allir sammála.

**Veikleikar svars:** Engir veikleikar.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Aukin samvinna milli sérsambanda, greining þeirra og innviða, stuðla og virkja stjórnarfólk og fá ungt fólk til starfa og stuðla að fag- og stoðþjónustu frá ÍSÍ t.d. varðandi ferðir, starfsfólk, námskeið og tengsl við menntasamfélagið.

**Styrkleikar svars:** Sammála, fjármagn.

**Veikleikar svars:** „Togstreita“ etv. milli sambanda, fjármagn.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Aukið fjármagn til sérsambanda, meiri samvinnu þeirra á milli, styrkari grasrót og aðgengi að stoð- og fagþjónustu hjá ÍSÍ t.d. varðandi bókhaldsþjónustu, starfsfólk og umfjöllun í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum.

**Styrkleikar svars:** Styrkari sérsambönd, ímynd sérsambanda, starfsemi.

**Veikleikar svars:** ólík sérsambönd, takmörkuð þekking.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Auknir fjármunir frá ríkisvaldinu til að bæta aðstöðu og aðgengi að fagfólki, þverfagleg samvinna og samnýting milli sérsambanda.

**Styrkleikar svars:** Eining á borðinu, erum með fagfólk – getum ekki greitt.

**Veikleikar svars:** Fjármögnun, SWOT greining.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Auka þverfaglega samvinnu og samstarf á öllum sviðum svo og að bæta sérhæfða íþróttaaðstöðu til æfinga og keppni. Kallað er eftir auknu fjármagni bæði innanlands og erlendis frá.

**Styrkleikar svars:** Breið samstaða.

**Veikleikar svars**: Ekki tilgreint nákvæmlega hvaðan peningarnir eig að koma.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Með því að sækja aukið fjármagn til starfsemi sérsambanda og bæta aðstöðu til æfinga og keppni t.d. landsliða og auka samstarf og samvinnu milli sérsambanda þ.m.t. fagteymi afreksfólks. Bæta miðlæga stoðþjónustu (símkerfi, tölvukerfi) og endurskoða almennt mótahald í ljósi þess að vinsælir keppnisviðburðir eru reknir af einkafyrirtækjum.

**Styrkleikar svars:** Allir sammála.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Aukið fjármagn og samstarf á milli sérsambanda og íþróttahéraða, samnýting starfsfólks og sérfræðiþjónustu, skýrari forysta ÍSÍ í málum sem varða íþróttahreyfinguna í heild og skilgreining þjóðarleikvangs.

**Styrkleikar svars:** Aukin skilvirkni, betri nýting fjármuna og sérfræðinga.

**Veikleikar svars:** Ólíkar þarfir sérsambanda.

## Spurning D - Hvaða skipulagsbreytingar geta aukið gæði og skilvirkni íþróttahreyfingarinnar?

### Borgarfundur

Sameining

Samvinna

Felix – tölvumál. Miklu betra skipulag nauðsynlegt

Svæðisskrifstofa – um allt land. Líkt við sýslumannsembætti. Dreifir þá verkefnum betur

Fjármagn

- Til sérsambanda
- Íþróttahéraða
- Breytingar – starfsfólk
- Stuðningur frá ÍSÍ
- Samvinna milli minni sérsambanda. Samnýta starfsmenn
- Stærri sambönd get líka unnið betur saman.

Meiri fagmennska

Betra upplýsingaflæði til almennings

Skilgreina hlutverk íþróttahreyfingarinnar – tengja við grasrótina

Ríkisrekstur – auknar kröfur, aukið fjármagn

Stefnumótun með grasrótinni – funda í landsfjórðungum

Samstarf ÍSÍ og UMFÍ – skoða fyrir næsta þing

- Heildarsamtök
- Ríkisrekstur – fækka íþróttahéruðum
    - Leita til ríkis þegar búið er að fækka héruðum
- Aukið gegnsæi
- Stytta boðleiðir

Tengsl íþróttafélaga við skólastarf – mjög ólíkt milli sveitarfélaga

Íþróttahreyfingin + skólar vinni að samþættingu – mannafli og mannvirki

Þarfagreining nr. 1 og svo stefnumótun nr. 2. Framkvæmt af íþrótthreyfingunni í heild

Miðlæg aðstaða – samnýting: aðstaða fyrir æfingabúðir, landsliðsæfingar – Betri heildarsýn á allt. Betra skipurit og markmið

Samnýting tölvukerfa – betri gögn – betra bókhald.

Verkfærakista fyrir nýja formenn og framkvæmdarstjóra. Nýliðafræðsla

Fræðsla í gegnum sérsambönd til íþróttafélaga. Tengist fyrirmyndarfélagi

Yfirfærsla þekkingar – til starfsfólks og þjálfara.

## Spurning D - Hvaða skipulagsbreytingar geta aukið gæði og skilvirkni íþróttahreyfingarinnar?

### Þjóðfundur

**Sameiginlegt svar hópsins:** Hlutverk og verkaskipting ÍSÍ og UMFÍ verði skilgreind að nýju með aukna samvinnu, samnýtingu, fækkun milliliða og fleiri launaða starfsmenn í huga. Þing ÍSÍ og UMFÍ þurfa að samþykkja aðgerðir og undirbúa þær.

**Styrkleikar svarsins eru:** Sammála, aukin gæði, betri nýting fjármagns, betri þjónusta, betra aðgengi að starfsmönnum, virkni.

**Veikleikar svarsins:** Ótti við breytingar, umfangsmikil tillaga.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Gerð verði þarfagreining um hlutverk og skipulag hreyfingarinnar, unnin stefnumótun með aukið samstarf, samvinnu og sameiningu í huga. Þá verði hlutverk íþróttabandalaga og héraðssambanda skilgreint frekar.

**Styrkleikar svarsins:** Sammæli, hagræðing, skilvirkni, betri nýting fjármuna.
**Veikleikar svarsins:** Upphafskostnaður, tímaleysi skortur á skýrri sýn yfirvalda, kjarkleysi, andstaða við breytingar.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Framtíðarþing ÍSÍ og UMFÍ haldið reglulega þar sem horft er til lengri tíma. Komið verði á fót íþróttamiðstöð (æfingaaðstaða/gisting) með aðgengi flestra. Aukin samvinna, sameining og samstarf.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Víðtækt samstarf og sameining minni og stærri eininga. Fækka íþróttahéruðum og að ríkið tryggi rekstur þeirra.

**Styrkleikar svarsins**: Hópurinn sammála, aðgerðaráætlun að hluta, styrkir minni einingar.

**Veikleikar svarsins**: Meiri fjarlægðir, minni lottó tekjur til félaga.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Auka þarf frekara samstarf í hreyfingunni og samnýtingu fagfólks sem og fara í stefnumótun með grasrótinni (félög). Aðgerð: Fundir í öllum fjórðungum.

**Styrkleikar svarsins:** sammæli, hagræðing, aukið lýðræði
**Veikleikar svarsins:** kostnaður, skortur á frumkvæði, forgangsröðun, skortur á tíma, margir of hlaðnir, sjálfboðaliða starf.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Hlutverk og verkefni íþróttahreyfingarinnar verði endurskoðað með hugsanlega sameiningu UMFÍ og ÍSÍ og annarra eininga hreyfingarinnar. Þingsályktun á ÍSÍ þingi. Utanaðkomandi ráðgjöf um verklag.

**Styrkleikar svarsins:** samhljómur, sterkar einingar, skýrari stefna, betri nýting fjármagns.
**Veikleikar svarsins:** íhaldssemi, vantar aðgerðaráætlun, verið að verja sitt vígi.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Vinna að auknum sameiningum innan hreyfingarinnar í víðum skilningi þess orðs, unnið að áframhaldandi stefnumótun, verkaskipting skýr og tengsl íþróttafélaga og skóla aukin. Auka vægi fyrirmyndarfélaga og útvíkka verkefnið.

**Styrkleikar svarsins:** Sammæli, hagræðing, nýting mannvirkja.

**Veikleikar svarsins:** Rígur, upphafskostnaður, hagsmunir, andstaða við breytingar.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Sameining UMFÍ og ÍSÍ leiði til einföldunar, aukins samstarfs og fagmennsku í íþróttahreyfingunni með auknu framlagi og verkefnum frá ríkinu. Samvinna og samþykki grasrótarinnar, breyta lögum, samþykki á þingum landssamtaka.

**Styrkleikar svars:** Einfaldara kerfi, jafnari dreifing fjármagns.

**Veikleikar svars:** Grasrótarstarf í dreifbýli gæti veikst.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Stuðla að aukinni samvinnu og skýrari verkaskiptingu með mögulega sameiningu ÍSÍ og UMFÍ og annarra sambandsaðila.

**Styrkleikar svars:** Betri heildarmynd, sparnaður

**Veikleikar svars:** Fjármunir

**Sameiginlegt svar hópsins:** Skýra þarf verkaskiptingu á milli ÍSÍ og UMFÍ, bæta tölvuvæðingu og auka fjármagn til hreyfingarinnar.

**Styrkleikar svars:** Sammæli, skýrari skil, bætir notkun fjármagns.

**Veikleikar svars:** Óskir um niðurstöðu mismunandi, óljóst um uppruna fjármagns, Felix.

**Sameiginlegt svar hópsins:** Sameining og /eða stóraukið samstarf ÍSÍ og UMFÍ sem og að fækka og stækka héraðssambönd og félög. Jafnframt að auka fjármagn og aðstoð til sérsambanda.

**Styrkleikar svars:** Aukið samstarf, draga úr tvíverknaði, betri nýting á fjármagni.

**Veikleikar svars:** Stækkun félaga.

**Sameiginlegt svar hópsins:** UMFÍ og ÍSÍ sameinist, svæðisskrifstofur stofnsettar á landsbyggðinni og samvinna aukin innan íþróttahreyfingarinnar s.s. milli sérsambanda.

**Styrkleikar svars:** Betri nýting fjármuna, skýrari boðleiðir, hagræðing, meiri gæði, sterkari heild.

**Veikleikar svars:** Hræðsla við breytingar, óeining um leiðir, pólitík, valdabarátta.

## Hvaða skipulagsbreytingar geta aukið gæði og skilvirkni íþróttahreyfingarinnar?

### Samantekt við spurningu D

Sameining og/eða stóraukið samstarf ÍSÍ og UMFÍ sem og að fækka og stækka héraðssambönd og íþróttafélög. Jafnframt að auka fjármagn og aðstoð til sérsambanda. UMFÍ og ÍSÍ sameinist, svæðisskrifstofur stofnsettar á landsbyggðinni og samvinna aukin innan íþróttahreyfingar s.s milli sérsambanda. Skýra þarf verkaskiptingu milli ÍSÍ og UMFÍ, bæta tölvuvæðingu og auka fjármagn til hreyfingarinnar.

**Styrkleikar svars:** Betri nýting fjármagns, hagræðing, aukið samstarf, sterkari heild, dregur úr tvíverknaði, meiri gæði.

**Veikleikar svars:** Hræðsla við breytingar, óeining um leiðir, pólitík, valdabarátta, stækkun félaga, óljóst um uppruna fjármagns.

Hlutverk og verkefni íþróttahreyfingarinnar verði endurskoðuð með hugsanlega sameiningu ÍSÍ og UMFÍ og annarra eininga hreyfingarinnar.

- Þingsályktun á ÍSÍ þingi.
- Utanaðkomandi ráðgjöf um verklag.

Auka þarf frekara samstarf í hreyfingunni og samnýtingu fagfólks sem og að fara í stefnumótun með grasrótinni. Aðgerð: fundir í öllum landsfjórðungum. Víðtækt samstarf og sameining minni og stærri einingа. Fækka íþróttahéruðum og ríkið tryggi rekstur þeirra.

**Styrkleikar svarsins:** samhljómur, hagræðing, sterkari einingar/styrkir minni einingar, skýrari stefna, betri nýting fjármagns, aðgerðaráætlun að hluta.

**Veikleikar svarsins:** meiri fjarlægðir, minni lottótekjur, íhaldssemi, vantar aðgerðaráætlun, verið að verja sitt vígi, skortur á frumkvæði, forgangsröðun, skortur á tíma, margir of hlaðnir, sjálfboðaliðastarf.

Vinna að aukinni sameiningu innan hreyfingarinnar í víðum skilningi þess orðs, unnið að áframhaldandi stefnumótun, verkaskipting skýr og tengsl íþróttafélaga og skóla aukin.

Auka vægi fyrirmyndarfélaga og útvíkka verkefnið.
Sameining ÍSÍ og UMFÍ leiðir til einföldunar, aukins samstarfs og fagmennsku í Íþrótta-hreyfingunni með auknu framlagi og verkefnum frá ríkinu.

- Samvinna og samþykki grasrótarinnar
- Breyta lögum
- Samþykki á þingum landssamtaka

Stuðla að aukinni samvinnu og skýrari verkaskiptingu með mögulega sameiningu ÍSÍ og UMFÍ og annarra sambandsaðila

**Styrkleikar svars:** Betri heildarmynd, sparnaður, einfaldara kerfi, jafnari dreifing fjármagns.

**Veikleikar svars:** Fjármunir, grasrótarstarf í dreifbýli gæti veikst, rígur, upphafskostnaður, hagsmunir, andstaða við breytingar.

Hlutverk og verkaskipting ÍSÍ og UMFÍ verði skilgreind að nýju með aukna samvinnu, samnýtingu, fækkun milliliða og fleiri launaða starfsmenn í huga.

- Þing ÍSÍ og UMFÍ þurfa að samþykkja aðgerðir og undirbúa þær.

Framtíðarþing ÍSÍ og UMFÍ haldið reglulega þar sem horft er til lengri tíma. Komið verði á fót íþróttamiðstöð (æfingaðstaða/gisting) með aðgengi flestra. Aukin samvinna, sameining og samstarf.
Gerð verði þarfagreining á hlutverkum og skipulagi hreyfingarinnar. Stefnumótun með aukið samstarf, samvinnu og sameiningu í huga. Þá verði hlutverk íþróttabandalaga og héraðssambanda skilgreint frekar.

**Styrkleikar svarsins:** Sammæli, hagræðing, skilvirkni, betri nýting fjármuna, sammála, aukin gæði, betri þjónusta, betra aðgengi að starfsmönnum, virkni.
**Veikleikar svarsins:** Andstaða/ótti við breytingar, umfangsmikil tillaga, upphafskostnaður, tímaleysi, skortur á skýrri sýn yfirvalda, kjarkleysi.